



Reykjavík, 29. mars 2019  
R19030292

Mannréttinda- og lýðræðisráð

Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

***Tillaga fulltrúa í ungmenningaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja samráð við börn og ungmenni um öll málefni sem varða þau***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Ingvars Steins Ingólfssonar fulltrúa í ungmenningaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að Borgarstjórn Reykjavíkur samþykki að fela mannréttindaskrifstofu að gera áætlun um að tryggja samráð Reykjavíkurborgar við börn og ungmenni um öll mál sem þau varða fyrir skólabyrjun haustið 2019.

Greinargerð:

Börn og ungmenni lenda ítrekað í því að ekki er tekið tillit til þeirra skoðana í ákvörðunum sem tekna eru og varða þau í samfélagini. Samráð um mál sem varða þeirra hagsmuni skuli vera tryggt á grundvelli 12. greinar Barnasáttmálans sem lögfestur var á Alþingi þann 20. febrúar 2013. Þar kemur fram að aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem þau varða. Einnig kemur fram að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Samþykkt að vísa tillöggunni til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísí Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af mannréttinda- og lýðræðisráði.

fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal

e.u.